

Nd. **784. Frumvarp til laga** [202. mál]
um breyting á lögum nr. 33 23. apríl 1946, um tunnusmiði.

Flm.: Einar Ingimundarson, Gunnar Jóhannsson.

1. gr.

Eftir 5. gr. laganna komi ný grein, er verður 6. gr., svo hljóðandi:

Tunnuverksmiðjurnar skulu greiða $\frac{3}{4}\%$ af brúttóandvirði seldrar framleiðslu ár hvert í útsvar til bæjarsjóðs eða sveitarsjóðs, þar sem þær eru starfræktar. Lágmarksútsvar verksmiðjunnar á Siglufirði verði þó eigi minna en kr. 25000.00 ár hvert.

Verksmiðjurnar skulu hvorki greiða tekju- né eignarskatt.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Í lögum nr. 33 23. apríl 1946, um tunnusmiði, en samkvæmt þeim lögum eru tunnuverksmiðjur ríkisins á Siglufirði og Akureyri reknar, eru engin ákvæði um útsvarsgreiðslur verksmiðjanna, og hafa þær því til þessa engin útsvör greitt til hlutaðeigandi bæjar- og sveitarfélaga.

Enda þótt segja megi, að slík útsvarsálagning sem ráð er fyrir gert í frumvarpi þessu sé óeðlileg í sjálfu sér, þegar þess er gætt, að starfrækslu tunnuverksmiðjanna hefur nánast mátt telja atvinnubótavinnu á þeim stöðum, þar sem þær eru reknar, er þess þó að gæta, að um allmikla veltu er að ræða hjá tunnuverksmiðjunum vegna sölu á framleiðslu þeirra. T. d. nam brúttóandvirði seldrar framleiðslu verksmiðjunnar á Siglufirði kr. 2038718.00 til kr. 4896909.93 á árunum 1951—1954 (mest á árinu 1953 og minnst á árinu 1951), og brúttóandvirði seldrar framleiðslu verksmiðjunnar á Akureyri nam á sama tímabili frá kr. 597396.39 til kr. 1601832.71 (mest á árinu 1954 og minnst á árinu 1951).

Auk þess hefur rekstur tunnuverksmiðjanna borið sig allvel allt frá því að starfræksla þeirra hófst, og mundi ekki verða nærri þeim gengið fjárhagslega, ef gert er ráð fyrir svipaðri afkomu þeirra framvegis, þótt þeim verði gert að greiða útsvar til bæjarfélaga, svo sem ráð er fyrir gert í frumvarpi þessu.

Aðaltilgangurinn með flutningi frumvarps þessa er þó, svo sem séð verður af efni þess, að reyna að einhverju leyti að létta undir með bæjarsjóði Siglufjarðar, sem á við að etja hina alvarlegustu erfiðleika vegna rýrra tekjustofna við álagningu útsvara nú eftir 10 samfelld sildarleysisár.